

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 30. janúar 2020

Mál nr. E-3109/2019:

This is City Attractions B.V.

(Stefán Reykjalín lögmaður)

gegn

Esja Attractions ehf.

(Gunnar Jónsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem var dómtekið 21. janúar 2020, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af This Is City Attractions B.V., [...], Hollandi, á hendur Esju Attractions ehf., [...], með stefnu birtri 11. apríl 2019.

Aðalkröfur stefnanda

Fyrsta aðalkrafa stefnanda er að viðurkennt verði að stefnandi eigi rétt til greiðslu úr hendi stefnda, sem nemi 3,5% af tekjum vegna seldra miða í flugupplifun sem rekin er af stefnda, í 15 ár frá opnunardegi, í samræmi við ákvæði 3.2 í ráðgjafarsamningi milli stefnanda og stefnda sem tók gildi 15. febrúar 2017.

Önnur aðalkrafa stefnanda er að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda EUR 300.000 með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af EUR 25.000 frá 1. apríl 2018 til 1. maí 2018, af EUR 50.000 frá 1. maí 2018 til 1. júní 2018, af EUR 75.000, frá 1. júní 2018 til 1. júlí 2018, af EUR 100.000 frá 1. júlí 2018 til 1. ágúst 2018, af EUR 125.000 frá 1. ágúst 2018 til 1. september 2018, af EUR 150.000 frá 1. september 2018 til 1. október 2018, af EUR 175.000 frá 1. október 2018 til 1. nóvember 2018, af EUR 200.000 frá 1. nóvember 2018 til 1. desember 2018, af EUR 225.000 frá 1. desember 2018 til 1. janúar 2019, af EUR 250.000 frá 1. janúar 2019 til 1. febrúar 2019, af EUR 275.000 frá 1. febrúar 2019 til 1. mars 2019 og af EUR 300.000 frá 1. mars 2019 til greiðsludags.

Varakrafa stefnanda

Verði ekki fallist á aðalkröfur stefnanda krefst stefnandi viðurkenningar á skaðabótaskyldu stefnda vegna missis hagnaðar sem stefnandi hefði notið ef ákvæði samningsins um greiðslur til handa stefnanda hefðu verið í fullu gildi.

Stefnandi krefst í öllum tilvikum málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, jafnt aðalkröfum sem kröfu til vara. Þá er krafist málskostnaðar.

I

Stefndi kveður að mál þetta megi rekja til þess að um mitt árið 2016 hafi Kevin Finnegan og Robyn Phaedra Mitchell fengið fyrirsvarsmann stefnda, Sigurgeir Guðlaugsson, til þess að koma á laggirnar „flugupplifunarsýningu“ í Reykjavík. Hinn 3. desember 2016 var stofnað félag, þ.e. stefndi, um þetta verkefni. Skráningarskjöl voru lögð inn til hlutafélagaskrár 27. desember 2016 og skráning færð inn í janúar 2017. Stofnendur voru VA Invest B.V., Robyn og Sigurgeir, sem samtals áttu 471.251 kr. af 500.000 kr. stofnhlutafé. Þá hafði Louis Puijs skráð sig fyrir 3.749 kr. og stefnandi var skráður fyrir 5% af stofnhlutafé eða 25.000 kr.

Stefnandi og stefndi gerðu með sér samning, sem undirritaður var af hálfu stefnanda 20. mars 2017 og af hálfu stefnda 12. apríl sama ár, um aðkomu stefnanda að uppbyggingu verkefnisins.

Samkvæmt gr. 1 bar stefnanda að veita stefnda ráðgjafarþjónustu frá 15. febrúar 2017. Í viðauka I er að finna nánari útfærslu á þeirri þjónustu sem stefnanda bar að veita. Stefndi telur að hlutverk stefnanda samkvæmt samningnum hafi verið afar víðfeðmt og að hann hafi rækt hlutverkið illa. Hann hafi að mati stefnda ekki búið yfir þeirri reynslu og þekkingu sem hann gaf sig út fyrir að hafa. Þessu andmælir stefnandi. Meðal verkefna stefnanda var að veita ráðgjöf um og mögulega taka þátt í að ljúka láns- og eiginfjármögnun verkefnisins í samráði við stefnda. Það er ágreiningslaust að það var stefndi sem kom á sambandi við bandaríska fyrirtækið Pursuit sem tók forustuna um framkvæmd verksins og kom inn í verkefnið með verulegt hlutafé. Stefnandi kveður að eftir að Pursuit hafi komið inn í fyrirtækið hafi samstarfi stefnanda og stefnda hrakað og það hafi endað með því að stefnanda hafi verið kippt út úr verkefninu.

Í 3. gr. samningsins er kveðið á um þóknun og útgjöld. Þóknunin var tvíþætt. Á undirbúningstímanum var þóknunin greidd mánaðarlega, en eftir að búið var að opna sýninguna fyrir almenning var hún tiltekið hlutfall af veltu seldra miða. Mánaðarlega þóknunin var þrepaskipt, fyrst um sinn nam hún 12.500 evrum á mánuði, en níu mánuðum eftir gildistöku samningsins hækkaði hún í 25.000 evrur á mánuði, samanber gr. 3.1. Veltutengda þóknunin nam svo 3,5% af tekjum af seldum aðgangsmiðum eftir opnun „flugupplifunarinnar“ og í fimmtán ár þar á eftir, sbr. gr. 3.2 í samningi aðila. Stefnandi byggir dómkröfur sínar á þessum greinum samningsins.

Í 2. kafla samningsins er kveðið á um gildistíma og uppsögn. Samkvæmt gr. 2.1 skal samningurinn gilda í níu mánuði frá gildistöku og skal hann sjálfkrafa falla úr gildi nema honum hafi áður verið sagt upp. Þá segir að ef heildarfjármögnun verkefnisins lýkur fyrir gildislok samningsins, þá framlengist hann um 24 mánuði frá gildislokum.

Ágreiningur málsins lýtur í meginatriðum að því hvort samningurinn hafi runnið sitt skeið á enda hinn 15. nóvember 2017 á grundvelli gr. 2.1 í samningnum, þannig að stefnandi eigi ekki rétt til þeirra fjárhæða er hann krefur stefnda um, eða hvort samningurinn hafi framlengst á grundvelli gr. 2.1 in fine. Þá telur stefnandi samninginn einnig hafa framlengst á grundvelli yfirlýsinga og athafna stefnda og fyrirsvarsmanna og hluthafa hans.

II

Stefnandi byggir fyrstu aðalkröfu sína á því að hann eigi rétt til greiðslu úr hendi stefnda á fjárhæð sem nemi 3,5% af tekjum af seldum aðgangsmiðum eftir opnun flugupplifunarinnar og í fimmtán ár þar á eftir og byggir kröfuna á gr. 3.2 í samningnum. Stefnandi kveðst hafna því að samningurinn hafi runnið út 15. nóvember 2017, á grundvelli gr. 2.1. Sú grein segi einfaldlega að samningurinn renni út níu mánuðum eftir gildistöku hans, nema að verkefnið hafi náð heildarfjármögnun. Stefnandi telur í fyrsta lagi ákveðinn vafa leika á orðalagi gr. 2.1 og í öðru lagi sé samningurinn einfaldlega skrifaður með þeim hætti að hann hafi í öllum tilfellum átt að renna út áður en greiðslur fyrir veltutengda þóknun yrðu greiddar að fullu.

Samkvæmt gr. 2.1 gat samningurinn lengst verið í gildi í tvö ár og níu mánuði en veltutengdar greiðslur áttu að eiga sér stað í fimmtán ár frá opnun flugupplifunarinnar. Eðli máls samkvæmt geti gr. 2.1 um niðurfellingu samningsins ekki átt við um gr. 3.1 vegna veltutengdra greiðslna.

Þar fyrir utan sé sérstaklega tekið fram í gr. 2.4 að gr. 3 í samningnum skuli gilda jafnvel þó önnur ákvæði samningsins hafi runnið sitt skeið. Enda hafi það verið í samræmi við samningsvilja aðila, þ.e. samningurinn var til níu mánaða, með möguleika á framlengingu til viðbótar um 24 mánuði, en veltutengdu þóknunina hafi alltaf átt að greiða.

Stefnandi vísar einnig til skýringar og tilgangs gr. 2.4 sem kveði á um hvaða greinar gildi þrátt fyrir sammingslok. Greinin sé svohljóðandi: „Uppsögn sammings þessa hefur ekki áhrif á réttindi og skyldur aðila sem kunna þegar að hafa stofnast samkvæmt samningi þessum. Liðir 3 (Þóknunir og útgjöld), 6 (Trúnaður), 9 (Ábyrgð), 10 (Skaðleysi), og 17 (Gildandi lög og lögsaga) skulu haldast í gildi eftir uppsögn sammings þessa. (e. [...] shall survive any termination of this agreement.)“. Í löggiltri þýðingu sammingsins yfir á íslensku sé orðið „termination“ skýrt sem „uppsögn“. Í raun rétttri geti orðið „termination“ verið skýrt sem lok sammingsins, hvernig sem þau komi til. Órökrétt sé að gr. 2.4 geti einungis átt við um riftun sammingsins í skilningi gr. 2.2, sem fjallar um riftun vegna vanefnda. Ef túlkun sammingsins væri með þeim hætti myndu greinar sammingsins um þóknun til handa stefnanda einungis halda gildi sínu ef samningnum væri rift, en myndu hins vegar falla úr gildi ef samningurinn rynni sitt skeið. Þegar samningurinn sé skoðaður í heild sinni telur stefnandi að ekki sé hægt að túlka hann með

öðrum hætti en þeim að stefnandi hafi átt rétt á veltutengdri þóknun samkvæmt samningnum í fimmtán ár, þrátt fyrir að gildistími annarra ákvæða samningsins hafi að öðru leyti verið skammur. Það eina sem gæti hugsanlega haft áhrif á kröfur stefnanda um veltutengda þóknun til fimmtán ára sé ef stefnandi hefði brotið greinar samningsins og stefndi hefði átt rétt á að rifta honum vegna slíkra vanefnda. Ekkert bendi til að stefndi hafi haft réttmætar ástæður til að rifta samningnum vegna vanefnda stefnanda og ekki liggi fyrir riftunartilkygning af hálfu stefnda.

Varðandi aðra aðalkröfu stefnanda hafnar hann því að heildarfjármögnun verkefnisins hafi ekki verið náð á tilsettum tíma. Hugtakið heildarfjármögnun sé skilgreint í samningum en þar segi „að veita ráðgjöf um og mögulega taka þátt í að ljúka láns- og eiginfjárfjármögnun verkefnisins í samstarfi við stjórn og fjárhagslega ráðgjafa Esju, þannig að unnt verði að byggja flugkvikmyndahúsið og hefja rekstur þess („heildarfjármögnun“).“

Stefnandi byggir á því að verkefnið hafi verið nægilega fjármagnað frá þeim tíma er Pursuit hafi komið inn í hluthafahóp stefnda. Sá rúmi milljarður króna sem stefnda barst í formi hlutafjárframlags hafi nægt félaginu fyllilega til áframhaldandi uppbyggingar á verkefninu. Verkefnið hafi hvorki stöðvast né hafi hægst á því vegna fjárskorts og það sýni að nægileg fjármögnun til áframhaldandi uppbyggingar á verkefninu hafi legið fyrir 15. nóvember 2017.

Í annan stað telur stefnandi að tilgangur ákvæðisins hafi verið að koma í veg fyrir að sú staða kæmi upp að stefndi hefði ekki yfir neinum fjármunum að ráða til að vinna að uppbyggingu verkefnisins en bæri þrátt fyrir það greiðsluskyldu gagnvart stefnanda án þess þó að nokkur möguleiki væri á því að verkefnið yrði að veruleika.

Að lokum byggir stefnandi á því að með síðari athöfnum sínum hafi stefndi samþykkt að samningurinn hefði ekki runnið út. Í fyrsta lagi hafi stefndi greitt reikninga stefnanda til og með febrúar 2018. Í öðru lagi komi fram í vinnuskjali sem sent var í desember 2017, mánuði eftir að samningurinn átti að hafa runnið út, að stefnandi skuli enn hafa aðkomu að verkefninu og sinna tilteknum þáttum þar. Gefi þetta skýrlega til kynna að stefndi hafi ekki litið svo á að samningurinn hefði runnið út í nóvember 2017 heldur sé um að ræða eftirá skýringu svo að hægt sé að sleppa við greiðslur samkvæmt samningnum.

Verði ekki fallist á aðalkröfu stefnanda, um að stefnda beri að efna samninginn í samræmi við efni hans, fer stefnandi fram á það í varakröfu sinni að viðurkennd verði skaðabótaskylda sökum missis hagnaðar sem stefnandi hefði notið ef ákvæði samningsins um greiðslur til handa stefnanda hefðu verið í fullu gildi.

Saknæmar og ólögmætar aðgerðir stefnda hafi falist í því annars vegar að stefndi hafi rift samningnum á ólögmætan hátt, en stefnandi hafi ekki vanefnt samninginn. Engin

rifunaryfirlýsing hafi verið send, en þetta megi lesa út úr til dæmis bréfi stefnda 13. nóvember 2018.

Hins vegar hafi athafnaleysi stefnda leitt til þess að hann tryggði ekki fulla fjármögnum verkefnisins, þótt hann hefði vel getað lokið heildarfjármögnun fyrir 15. nóvember 2017. Stefndi hafi ekki gert neinn reka að því að ljúka fjármögnun fyrir en í desember 2018.

Telur því stefnandi að stefndi sé skaðabótaskyldur sökum þess að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna missis mánaðarlegra greiðslna frá mars 2019 til nóvember 2019 og missis veltutengdu þóknunarinnar. Telji dómurinn að stefnandi eigi ekki rétt á mánaðarlegu greiðslunum fram til nóvember 2019 telur stefnandi í öllu falli ljóst að stefndi sé skaðabótaskyldur vegna missis veltutengdu þóknunarinnar.

Stefnandi telur að skilyrði sakarreglunnar um að stefndi hafi valdið stefnanda tjóni með ólögætum og saknæmum hætti sé fullnægt og hægt sé að færa sönnur fyrir því að tjónið sé sennileg afleiðing þessarar háttsemi stefnda.

III

Sýknukrafa stefnda byggist á ákvæðum samningsins. Annar kafli samningsins ber yfirskriftina „Gildistími og uppsögn“. Gr. 2.1 er þannig í löggiltri þýðingu, lagðri fram af stefnanda: „Samningur þessi skal gilda í níu mánuði frá gildistökudegi, og skal hann þá sjálfkrafa falla úr gildi („gildislok“)... , ef heildarfjármögnun verkefnisins lýkur fyrir gildislok skal gildistími samnings þessa framlengjast um 24 mánuði frá gildislokum („framlengd gildislok“).“ Heildarfjármögnun sé skilgreind í 4. punkti 1. gr. samningsins sem fjalli um þá þjónustu sem stefnandi hafi átt að veita. Þar segir í sömu þýðingu: „að veita ráðgjöf um og mögulega taka þátt í að ljúka láns- og eiginfjármögnun verkefnisins ... þannig að unnt verði að byggja flugkvikmyndahúsið og hefja rekstur þess („heildarfjármögnun“)“. Í málinu sé að finna lánsamning við Arion banka, sem dagsettur sé 15. febrúar 2019, og hafi þá heildarfjármögnun verkefnisins lokið. Fjárhagsáætlun verksins hafi sýnt að þriðjung verksins ætti að fjármagna með lánsfé. Lánið frá Arion var allt að fimm milljónir evra. Síðustu milljónina hafi þó aðeins mátt afgreiða eftir opnun flugkvikmyndahússins. Með því hafi verið tryggt rekstrarfé, sem hafi verið hluti heildarfjármögnunarinnar samkvæmt skilgreiningunni.

Orðalag um gildistíma samningsins og skilyrði til framlengingar hans sé skýrt og þarfnist ekki túlkunar. Það segi einfaldlega að samningurinn gildi í níu mánuði frá gildistökudeginum 15. febrúar 2017. Samningurinn rann því sitt skeið; það urðu gildislok eins og það er orðað í þýðingunni á samningnum sem stefnandi lagði fram. Samninginn beri einfaldlega að túlka eftir orðanna hljóðan og stefnandi geti ekki átt kröfur á hendur stefnda á grundvelli samnings sem hefur runnið sitt skeið.

Stefndi hafnar túlkun stefnanda á gr. 2.4 í samningnum um að ákvæðið feli í sér að réttur til hlutdeildarþóknunar haldi gildi sínu, þrátt fyrir gildislok samningsins. Það fari þvert á skýrt orðalag greinarinnar. Þar segir einungis að viss ákvæði samningsins haldi gildi sínu þrátt fyrir uppsögn hans. Samningnum hafi ekki verið sagt upp. Hann hafi einfaldlega runnið sitt skeið; það hafi orðið gildislok. Þau girði fyrir nokkurn frekari rétt. Varðandi ágreining stefnanda við eigin þýðanda með því að í „raun rétttri geti orðið „termination“ verið skýrt sem lok samningsins, hvernig sem það kemur til“, þá kveðst stefndi vera sammála þýðandanum fremur en stefnanda. Það sé ekki tilviljun sem ráði því að orðið „expiry“ sé þýtt sem gildislok en „termination“ sem uppsögn. Gildislok verði við það að tíminn líði, án þess að aðilar aðhafist nokkuð. Til uppsagnar þurfi athöfn annars hvors aðila samningsins.

Þá sé það rangt sem fram komi í stefnu að samningsvilji aðila hafi staðið til þess að samningurinn væri til níu mánaða, með möguleika á framlengingu til 24 mánaða í viðbót, en veltutengdu þóknunina skyldi þó ávallt greiða. Þetta verði á engan hátt lesið út úr samningnum. Framlengingin hafi verið skilgreind á hlutlægan hátt. Annaðhvort yrði af henni eða ekki. Næðist að fullnægja skilyrðum framlengdist samningurinn og skyldan til greiðslu veltutengdu þóknunarinnar yrði virk. Næðist það ekki yrðu gildislok og stefnandi ætti ekki frekari kröfur á hendur stefnda á grundvelli samningsins.

Varðandi aðra aðalkröfu stefnanda bendir stefndi á að hvergi í samningnum sé tekið fram að verkefnið þurfi að vera *nægilega* fjármagnað. Með tilkomu Pursuit inn í verkefnið hafi ekki legið fyrir heildarfjármögnun. Þá hafnar stefndi vangaveltum stefnanda um tilgang ákvæðisins og hugsanlega greiðsluskyldu án þess að möguleiki sé á að verkefnið verði að veruleika

Stefndi mótmælir því sem röngu að hann hafi samþykkt framlengingu samningsins með athöfnum sínum. Fyrir mistök hafi stefndi greitt þrjá þóknunarreikninga stefnanda, eftir gildislok samningsins. Þau mistök geti ekki orðið til þess að litið verði fram hjá skýrum ákvæðum samningsins sjálfs. Svo skjótt sem stefndi áttaði sig á mistökunum hafi hann látið af greiðslum. Og jafnvel þótt stefndi hefði greitt vegna þess að hann hefði fyrir misskilning talið að samningur væri enn í gildi verði samningurinn ekki gildur fyrir það, sé efni hans á annan veg. Skýr ákvæði samningsins standi til þess að gildislok hafi orðið.

Þá hefði ákvörðun um framlengingu samningsins verið meiri háttar fjárhagsleg skuldbinding fyrir stefnda. Til hennar hefði þurft samþykki stjórnar stefnda. Það hafi aldrei verið veitt. Þá megi nærri geta hversu líklegt hefði verið að stjórn féllist á slíkt, þegar fyrir hafi legið hversu rýrt framlag stefnanda var og að annar hluthafi væri kominn í hópinn, mun færari um að vinna að framgangi verkefnisins. Stefnanda hafi verið þetta fullljóst, enda taki hann fram í stefnu að ráðgjafar sinnar hafi ekki verið þörf eftir aðkomu Pursuit. Því sé erfitt fyrir hann að halda því fram að hann hafi verið í góðri trú um að

stefndi vildi framlengja, án tillits til þess hvort tilskildum árangri hefði verið náð. Þá hafnar stefndi því að bréfaskipti hans og stefnanda í desember 2017 styðji gildi samningsins. Um hafi verið að ræða frumdrög verkáætlunar sem hafi miðað við að ljúka ætti verki 1. mars 2019. Þar sé hvergi tekið fram að stefnandi hafi nokkurt hlutverk og hafi skjölin verið send stefnanda sem og öðrum hluthöfum.

Stefndi tekur fram að ekki sé auðvelt að átta sig á varakröfu stefnanda. Hún komi aðeins til verði sýknað af aðalkröfum. Sú niðurstaða fæli í sér að stefnandi ætti kröfum sínum ekki stoð á grundvelli samnings aðila. Sé staðan sú krefjist stefnandi bóta vegna missis hagnaðar, svo sem samningur hefði verið í gildi. Lögfræðilegi þröskuldurinn sem þurfi að yfirstíga til þess að komast að slíkri niðurstöðu hljóti þó að vera enn hærri en sá sem sé um greiðslur og greiðsluskyldu á grundvelli samnings. Í það minnsta sé ljóst að stefnandi yrði að sýna fram á að almenn skilyrði til skaðabóta utan samninga væru fyrir hendi, þ. á m. saknæm hegðun stefnda. Ekkert í málatilbúnaði stefnanda fari nálægt því að færa sönnur á slíkt, enda sé því ekki til að dreifa.

IV

Í málinu er deilt um gildistíma samnings málsaðila er stefnandi undirritar 20. mars 2017 og stefndi 12. apríl sama ár. Stefndi heldur því fram að samningurinn hafi runnið sitt skeið og vísar í gr. 2.1 í samningnum. Stefndi telur að samningurinn hafi framlengst og hann eigi rétt til þeirra greiðslna sem tilgreindar eru í gr. 3.1 og 3.2 í samningnum, samanber aðalkröfur stefnanda.

Hið umdeilda ákvæði samningsins er svohljóðandi: „2.1 Samningur þessi skal gilda í níu mánuði frá gildistökudegi, og skal hann þá sjálfkrafa falla úr gildi („gildislok“) nema honum hafi áður verið sagt upp í samræmi við liði 2.2-2.3. Þrátt fyrir framangreint, ef heildarfjármögnun verkefnisins lýkur fyrir gildislok skal gildistími samnings þessa framlengjast um 24 mánuði frá gildislokum („framlengd gildislok“).“

Ágreiningslaust er að gildistökudagur samningsins er 15. febrúar 2017. Samkvæmt orðalagi samningsins féll hann sjálfkrafa úr gildi níu mánuðum síðar, það er 15. nóvember 2017. Samkvæmt ákvæðinu geta tvö tilvik komið í veg fyrir að samningurinn falli sjálfkrafa niður. Annars vegar ef honum hefur verið sagt upp í samræmi við liði 2.2–2.3. Svo var ekki enda ekki byggt á þessum ákvæðum í málinu. Hins vegar ef heildarfjármögnun verkefnisins hefur verið lokið fyrir 15. nóvember 2017, þ.e. á gildistíma samningsins, þá framlengist samningurinn um 24 mánuði.

Í gr. 1, punkti 4 er hugtakið heildarfjármögnun skilgreint, en þar segir: „að veita ráðgjöf um og mögulega taka þátt í að ljúka láns- og eiginfjármögnun verkefnisins í samstarfi við stjórn og fjárhagslega ráðgjafa Esju, þannig að unnt verði að byggja flugkvikmyndahúsið og hefja rekstur þess („heildarfjármögnun“).“

Stefnandi byggir á því að við túlkun á því hvenær „heildarfjármögnun“ hafi verið lokið sé vísað til tilboðs Pursuit frá 15. september 2017, en þar segir: „Ef fyrirtækið þarf á auknu eigin fé að halda eru við reiðubúin að veita því aukið eigið fé gegn hækkun á eignarhlutdeild okkar.“ Hér verður að mati dómsins að líta til þess að einungis er um tilboð að ræða. Ekkert liggur fyrir um að tilboð þeirra hafi verið samþykkt og að stefndi hafi fengið frekara lán hjá því félagi gegn því að eignarhlutur þess væri aukinn. Því er ekki hægt að fallast á að uppfyllt sé það skilyrði gr. 2.1 að heildarfjármögnun hafi lokið á gildistíma samningsins.

Þá byggir stefnandi einnig á því að fréttatilkynning stefnanda frá 6. nóvember 2017 sýni að heildarfjármögnun stefnanda hafi verið lokið á þeim tíma með því að í henni er tekið fram að stefndi hafi tryggt „alþjóðlega fjármögnun“ á uppsetningu á verkefninu. Orðalag fréttatilkynningarinnar um alþjóðlega fjármögnun uppfyllir ekki skilyrði ákvæðisins um „heildarfjármögnun“. Þar er einungis fjallað um fjármögnun erlendis frá. Þetta verður ekki skýrt rýmra en eftir orðum sínum.

Í gögnum málsins liggur fyrir lánsamningur við Arion banka frá 15. febrúar 2019. Telja verður að með því láni hafi heildarfjármögnun verkefnisins verið lokið. Því kom ekki til framlengingar samningsins og rann því samningurinn sitt skeið hinn 15. nóvember 2017.

Þá vísar stefnandi til skýringar og tilgangs gr. 2.4 sem kveður á um það hvaða ákvæði gilda þrátt fyrir samningslok. Greinin er rakin í kafla II hér að framan og heldur stefnandi því fram að hann eigi rétt til þóknunarinnar á grundvelli þessarar greinar. Því hafnar dómurinn með því að greinin á einungis við ef samningnum er sagt upp, samanber upphaf greinarinnar: „Uppsögn samnings þessa ...“. Því kemur þetta ákvæði ekki til skoðunar hér. Leggja verður til grundvallar þýðingu löggilts skjalabýðanda á orðinu „termination“ sem þýtt er sem uppsögn.

Með vísan til þessa hefur stefnandi ekki tekist að sýna fram á að „heildarfjármögnun“ verkefnisins hafi verið lokið fyrir 15. nóvember 2017. Samkvæmt gr. 2.1 rann samningurinn því sitt skeið 15. nóvember 2017 og getur stefnandi ekki byggt dómkröfur sínar á honum.

Stefnandi heldur því fram að samningurinn hafi framlengst um 24 mánuði þar sem stefndi hafi greitt reikninga stefnda byggða á gr. 3.1 í samningnum allt til og með febrúar 2018. Stefndi viðurkennir að svo hafi verið og mistök hafi valdið því að reikningarnir hafi verið greiddir. Dómurinn telur að með greiðslu þessara þriggja reikninga verði skýru ákvæði samningsins ekki vikið til hliðar. Stefnandi hafi ekki getað vænst þess að gildistími samningsins myndi lengjast vegna þessa þegar ekki lá fyrir hvernig heildarfjármögnun verkefnisins yrði, samanber til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í málinu nr. 214/1999 og dóm Landsréttar í málinu nr. 251/2019.

Þá er ósannað að bréfaskipti stefnda og stefnanda í desember 2017, það er eftir að samningurinn rann út, styðji gildi samningsins. Bréf þessi virðast hafa verið send stefnanda sem hluthafa eins og þau voru send öðrum hluthöfum.

Stefnandi gerir þá kröfu til vara að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda vegna missis hagnaðar sem stefnandi hefði notið ef ákvæði samningsins um greiðslur honum til handa hefðu verið í fullu gildi.

Varakrafa stefnanda er ekki svo skýr sem skyldi. Dómurinn hefur þegar komist að þeirri niðurstöðu að samningurinn hafi runnið út. Samningurinn var lögmætur. Það er ekki um neina sök að ræða hjá stefnda. Samningnum var aldrei rift af hálfu stefnda. Þá leggur samningurinn ekki neina athafnaskyldu á stefnda til að ljúka heildarfjármögnun fyrir ákveðinn tíma. Því getur ekki verið um athafnaleysi að ræða hjá stefnda. Að mati dómsins er krafa þessi haldlaus.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Með vísan til 130. gr. laga um meðferð einkamála ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað svo sem greinir í dómsorði.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Esja Attractions ehf., er sýknaður af kröfum stefnanda, This Is City Attractions.

Stefnandi greiði stefnda 1.500.000 kr. í málskostnað.

Sigrún Guðmundsdóttir